

## Aðalfundur Félags um Fötlunarrannsóknir

Haldinn á Hilton – Nordica – Reykjavík 16. nóvember 2012 kl. 15.15-16.00

### Fundargerð

Rannveig Traustadóttir formaður félagsins setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna. Síðan hófst fundur samkvæmt dagskrá aðalfundar.

1. Steinunn Þóra Árnadóttir var kosin fundarstjóri og tók við stjórn fundarins. Guðrún V. Stefánsdóttir var kosin fundarritari.
2. Rannveig Traustadóttir formaður flutti skýrslu stjórnar. Engin umræða varð um skýrsluna og hún samþykkt samhljóða.
3. Ragnar Gunnar Þórhallsson gjaldkeri kynnti reikninga félagsins sem voru samþykktir samhljóða.
4. Borin fram tillaga um óbreytt félagsgjöld, þ.e. engin. Samþykkt en Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir benti á að hægt væri að koma því að að frjáls framlög væru þegin.
5. Lagabreytingar. Engar tillögur höfðu borist um þennan lið.
6. Formaður var kosinn samhljóða, Rannveig Traustadóttir
7. Guðrún Pálmadóttir fulltrúi í kjörnefnd lagði fram tillögur nefndarinnar og voru þær samþykktar samhljóða. Í stjórn voru kjörin:

Ágústa Eir Gunnarsdóttir, ráðgjafi á Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta.

Birna H. Bergsdóttir, ráðgjafi við leikskóla.

Guðrún V. Stefánsdóttir, dósent við Háskóla Íslands.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent við Háskóla Íslands.

Ólafur Snævar Aðalsteinsson, nemandi við Háskóla Íslands.

Snæfríður Þóra Egilson, prófessor við Háskólann á Akureyri.

Úr stjórn gengu Dóra S. Bjarnson, Freyja Haraldsdóttir og Ragnar Gunnar Þórhallsson.

Kjörnefnd skipuðu þau Friðrik Sigurðsson, Guðrún Pálmadóttir og Kristín Björnsdóttir og var þeim þakkað fyrir vel unnin stjórn.

8. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga: Guðríður Ólafsdóttir og Vilhjálmur Bjarnason.
9. Undir liðnum önnur mál lýstu fundarmenn ánægju með ráðstefnu dagsins. Ágústa Eir Gunnarsdóttir bað um orðið, kynnti sig sem nýjan stjórnarmeðlið en hún er ráðgjafi á þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta, auk þess sem hún er gjaldkeri Fjólunnar sem er félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Þá er hún einnig þess einn af eigendum NPA miðstöðvarinnar. Rannveig Traustadóttir

Þakkaði fráfarandi stjórnarmeðlimum vel unnin störf og bauð nýja stjórnarmeðlimi velkomna til starfa. Rannveig tilkynnti að stjórn félagsins hefði tilnefnt Hönnu Björgu Sigurjónsdóttur í stjórn NNDR í stað Snæfríðar Eglison sem mun sitja sem varamaður Hönnu. Að lokum talaði Rannveig um mikilvægi félags um fötlunarránsóknir, ekki síst í því skyni að vera jákvæður samstarfsvettvangur fræða og fatlaðs fólks. Dagskrá tæmd og fundi slitið kl. 16.00.